

Öryggisstefna

Markmið Orkunnar er að skapa örugga umgjörð um starfsemi félagsins, eignir þess og mannauð. Á hverjum tíma skulu vera til staðar virkar viðbragðsáætlanir er snúa að upplýsinga og rekstraröryggi, rekstri tölvukerfa, öryggi starfsfólks og öryggi eigna sem miða að því að tryggja samfelldan rekstur og lágmarka tjón við á.

Orkan leitast við að tryggja öryggi í rekstri með eftirfarandi hætti:

- Fylgja ákvæðum laga og reglugerða er varða starfsemina. Stuðla að líkamlegu og andlegu heilbrigði starfsfólks með rétt hönnuðu vinnuumhverfi og hvatningu.
- Skapa öryggisvitund meðal starfsfólks og verktaka á vegum félagsins með reglulegri upplýsingagjöf, þjálfun og fræðslu svo brugðist sé rétt við frávikum og öryggisvá.
- Tryggja samfelldan rekstur helstu viðskiptakerfa þannig að truflanir á þjónustu til viðskiptavina vegna áfalla verði innan skilgreindra tímaramma.
- Skrá öll tjón og frávik í starfseminni, sem og ábendingar um það sem má fara, tókum þau til úrvinnslu og setjum okkur skýr markmið um að bæta árangur.
- Eignir séu ávallt varðar gagnvart þjófnaði, innbrotum, eldsvoða, vatnsskaða, skemmdarverkum og annarri vá með viðurkenndum aðferðum.
- Samstarf við Heilsuvernd/Vinnuvernd varðandi veikindi starfsfólks.
- Orkan gerir sömu kröfur til allra sem starfa á vegum Orkunnar.

Vegna starfsemi fyrirtækisins er órjúfanleg tenging milli öryggismála og umhverfismála. Orkan leggur metnað sinn í að starfa í sátt við umhverfið og hefur sett sér sérstaka umhverfisstefnu.

Öryggi upplýsinga er mikilvægt í rekstri Orkunnar. Leggur félagið ríka áherslu á að tryggja upplýsingaöryggi og að við meðferð persónuupplýsinga sé fyllsta öryggis gætt. Til nánari útfærslu hefur Orkan sett sér sérstaka persónuverndarstefnu.

Forstjóri Orkunnar er ábyrgur fyrir viðhaldi og endurskoðun stefnunnar. Gæðastjóri ber ábyrgð á og tryggir að starfsmenn Orkunnar þekki stefnuna og framfylgi henni.

Samþykkt af stjórn Orkunnar IS ehf.
31. janúar 2024